



Ársskýrsla
2024
Íþróttafélagið Undri



Aðalfundur félagsins var haldinn 2. apríl 2024 í Vínlandssetrinu í Búðardal. Fundurinn var boðaður með tilskyldum hætti þar sem ársskýrsla stjórnar og ársreikningar voru lagðir fyrir og samþykktir.

Stjórn félags

Formaður: Guðrún B Blöndal kt. 0805893289

Gjaldkeri: Berghildur Pálmadóttir kt.1101862829

Ritari: Svanhvít Lilja Viðarsdóttir kt. 1012913169

Varamaður: Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir kt.0107933359

Iðkendafjöldi

Vorönn 2023: 54

Sumarönn:

- Leikjanámskeið: 30
- Æfingar: 26

Haustönn 2023: 64

Flokkar og þjálfaramál

Fimleikar

Þjálfari: Guðmundur Kári Þorgrímsson

Flokkar: 1.-4. bekkur og 5.-10. bekkur

Iðkendafjöldi: 33

Æfingatímabil: Janúar - maí.

Fótbolti

Þjálfarar: Sindri Geir Sigurðarson og Vignir Smári Valbergsson

Flokkar: 1.-4. bekkur og 5.-7. bekkur.

Iðkendafjöldi: 24

Æfingatímabil: Janúar – apríl og júní – október.

Íþróttagrunnur

Þjálfari: Guðrún B Blöndal og Sindri Geir Sigurðarson

Flokkar: 1.-4. bekkur og 5.-7. bekkur

Iðkendafjöldi:vor 28 / Haust 4

Æfingatímabil: Janúar - apríl og ágúst – nóvember



Körfulbolti

Þjálfari: Kári Gunnarsson

Flokkar: 1.- 4. bekkur og 5. – 10. bekkur.

Iðkendur: 18

Æfingartímabil: Október og nóvember.

Raflþróttir

Þjálfarar: Ernir Freyr Sigurðsson og Martin Máni Geirdal Kárason.

Flokkar: 5. – 10. bekkur.

Iðkenda fjöldi: 7

Æfingartímabil: Janúar – maí.

Heldri borgarar:

Þjálfar: Pálína Kristín Jóhannsdóttir

Iðkenda fjöldi: 11

Æfingartímabil: Heldri borgarnir okkar æfðu með Línu 2x í viku í ræktar salnum í Búðardal.

Tvö námskeið voru haldin annars vegar janúar - apríl, hins vegar október - desember.



Starf félagsins/deildarinnar

Æfingar

Æfingar á vorönn voru mjög vel sóttar og var mikill áhugi meðal iðkenda. Frístundabíllinn kom vel út og voru börn dugleg að nýta bílinn.

Fótboltaæfingar yfir sumartímamann voru vel sóttar í júní enda tengdar við dagskrá leikjanámskeiðs. Í júlí og ágúst dró verulega úr mætingu.

Íþróttagrunnur/frjálsar voru ágætlega sóttar í júní á meðan á leikjanámskeiði stóð. Eftir að því lauk voru æfingar nánast ekkert sóttar.

Æfingar á haustönn voru misvel sóttar, mæting á fótboltaæfingar og körfuboltaæfingar var góð á meðan mæting í íþróttagrunn var nánast engin. Möguleg ástæða á minni ásókn í íþróttagrunn gæti verið vegna þess að æfingar fluttust frá íþróttahúsinu á Laugum og inn í Dalabúð.

Mót sem farið var á

Smábæjarleikarnir fóru fram 17. og 18. júní á Blönduósi. Alls fóru 23 keppendur á vegum Undra og skipuðu þrjú lið í þremur flokkum (5., 6. og 7. flokkur). Mótið gekk vel og voru keppendur ánægðir með framfarir og árangur. 5. flokkur spilar sjö manna bolta en hinir flokkarnir fimm manna.





N1-mótið fór fram á Akureyri 5. - 8. júlí, einungis var keppt í 5. flokki . Alls fóru 11 keppendur frá Undra á mótið og þar af voru fjórir keppendur að spila upp fyrir sig. Á mótinu er keppt í sjö manna liðum. Keppendur stóðu sig vel og fengu viðurkenningu fyrir þrúða framkomu og háttvísi.





Króksmótið fór fram 12. og 13. ágúst á Sauðárkróki og er keppt í fimm manna liðum í 6. og 7. flokki. Alls fóru 12 keppendur frá Undra ásamt því að við fengum liðsauka tveggja iðkenda frá Völsungi á Húsavík. Mótið gekk vel og keppendur stóðu sig með prýði.





Leikjanámskeið

Tímabil: Fjórar vikur í júní

Fjöldi iðkenda: 32

Starfsmenn: Guðrún B. Blöndal, Kristín Frímannsdóttir, Jóhanna Vigdís Pálmadóttir og Sölvi Meldal Kristjánsson. Tveir starfsmenn á hverjum tíma.

Námskeiðið var haldið í Búðardal, með aðsetur í Dalabúð. Við prufuðum að bjóða upp á tólmstundabíll á námskeiðið og var um helmingur barna sem nýtti sér hann. Boðið var upp á ávexti í tíu kaffinu og heitann mat í hádeginu. Skátarnir komu til liðs við okkur ein dag í viku og kynntu börninn fyrir starfi þeirra. Meðal þess sem á dagana dreif á námskeiðinu voru fjöruferðir, föstudagssund, smíðaverkefni, föndur og svo mætti lengi telja. Innan dagskrár leikjanámskeiðs voru æfingar í dalnum tvo daga í viku, íþróttagrunnur og fótþolti. Aldursskipt var á æfingar og fór hvor hópur í báðar greinar hvorn daginn.





Framkvæmdir

Félagið fór ekki í neinar framkvæmdir á árinu.

Rekstur félags

Þetta er fyrsta árið sem Undri fær úthlutað Lottó greiðslum og hafði það mikið að segja um hvernig árið endaði fjárhagslega. Á næsta ári verða línur skýrari hvað varðar gjaldtöku. Æfingagjöld eru lág og mjög misjafnt milli námskeiða hvað er rukkað fyrir hvern þátttakanda en það kemur til vegna misjafns kostnaðar fyrir hvert námskeið, þjálfarar námskeiða taka mismikið fyrir að vera með námskeið og fleira. Við stefnum á það að næsta vetur verði fast gjald fyrir helgarnámskeið og/eða önnur námskeið. Við viljum vera með eitthvað í boði fyrir alla og halda gjaldtöku í lágmarki en það er dýrt að reka félag í veldisvexti og erum við að alltaf að læra.

Framtíðarsýn

Undri er félag í vexti, það væri nánast hægt að segja að við værum í veldisvexti. Félagið er ungt og með skýra framtíðarsýn. Við stefnum á að halda úti enn öflugra íþróttastarfi á komandi árum. Við bindum vonir við að þegar starfsemi okkar verður öll komin í nýja íþróttamiðstöð í Búðardal verði starfið enn öflugra og hægt að bjóða upp á fleiri æfingar í viku í fjölsóttum greinum. Okkur langar að ná til enn stærri markhóps og geta haldið úti skipulagðri starfsemi fyrir alla aldurshópa. Við stöndum, eins og allir þekkja, frammi fyrir áskorunum þegar kemur að þjálfurum. Við látum okkur dreyma um að með enn öflugra starfi verði einn daginn hægt að ráða starfsmann sem sér um umsýslu og æfingar. Framtíðin er björt hjá Undra!

Annað sem á við

Undri hélt áfram að bæta við eign sína á búnaði. Við bættist til dæmis búnaður sem nýttist fimleikadeildinni, íþróttaskólanum og íþróttagrunni. Einnig voru keyptir körfuboltar í tveimur stærðum.

Lokaorð



Íþróttafélagið Undri hefur vaxið og dafnað síðan það var stofnað. Félagið er ýmsum takmörkunum háð fyrir það að vera í litlu sveitarfélagi. Svo sem framboði á íþróttagreinum, þjálfurum og iðkendafjölda. Markmið félagsins er þó að bjóða upp á eins fjölbreytt starf og kostur er hverju sinni þannig að öll geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hvort sem um er að ræða að fá inn þjálfara fyrir fastar æfingar, þjálfara með dagsnámskeið, helgarnámskeið eða lengra námskeið eða að gera samninga við önnur félög um að iðkendur okkar geti sótt æfingar í vissum greinum hjá þeim. Með því að gera samninga við önnur félög greiðum við leið iðkenda okkar til þess að geta sótt þær æfingar sem þeir hafa áhuga á annars staðar þó það sé svo í höndum foreldra hvort barn getið sótt æfingar út fyrir sveitarfélagið eða ekki. Við viljum sjá öflugt og fjölbreytt íþróttastarf í heimabyggð og því vill Undri leggja sitt af mörkum til að gera það kleift.

Dalabyggð, 2. apríl 2024

Guðrún B. Blöndal

Berghildur Pálmadóttir

Svanhvít Lilja Viðarsdóttir